

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður Laxar ehf.)  
Strandgötu 18  
735 Eskifirði

Akureyri, 23.7.2024  
UST202402-121/G.S.Á.  
08.12.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 19.06.2024 - Fiskeldi Austfjarða, Kópaskeri ID485**

Þann 19. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða, Kópaskeri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við síðasta eftirlit, árið 2023. En þrjár ábendingar voru settar fram um að gera skuli mælingar bæði við inntak innrennslis (núllpunkt) sem og við útrás frárennslis, að tengja skuli niðurföll í verkstæðisrými við olíuskilju þegar hún verður standsett og að uppfærð vöktunaráætlun sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi skuli send til eftirlitsaðila. Niðurstöður sýnataka sem fylgdu ársyfirliti 2023 sýndu ekki merkingar á sýnum þannig að greina mætti hvaða staðsetningu sýnataka væri um að ræða. Niðurföll í verkstæðisrými hafa nú verið tengd við olíuskiljuna sem og niðurfall af steyptu plani undir olíugeymi og uppfærð vöktunaráætlun hefur verið send til eftirlitsaðila en gera þarf breytingar á henni skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila.

### **Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

- Ábending er sett fram um að merkja skuli niðurstöður sýnataka þeirri sýnatökustöð sem við á, svo ljóst sé við hvaða stöð er átt skv. gr. 4.3 í starfsleyfi. Annars vegar inntak í stöðina og hins vegar útrás frárennslis. **Skv. úrbótaáætlun frá rekstraraðila þann 5. júlí sl. verða merkingar á sýnatökum bættar.**
- Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi vöktunaráætlun skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila. **Skv. úrbótaáætlun frá rekstraraðila þann 5. júlí sl. er vinna við uppfærslu vöktunaráætlunar hafin og verður ný áætlun send eftirlitsaðila um leið og hún er tilbúin.**

### **Tvö frávik komu fram er varða:**

- Gr. 3.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka myndir við útrásina á tveggja mánaða fresti. Myndir voru til staðar í eftirlitinu en aðeins þrjár frá síðasta ári

og tvær frá núverandi ári. Gæta þarf að myndirnar séu teknað skv. ákvæðum starfsleyfisins og ætið frá sama sjónarhorni. **Skv. úrbótaáætlun frá rekstraraðila þann 5. júlí sl. er búið að áætla eftirlit og áminningar um myndatökur inni í EQS skráningarkerfinu.** Verður það tekið út í næsta eftirliti.

2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vakta líffræðilega gæðaþætti í strandsjó skv. vöktunaráætlun og nánari lýsingu í viðauka starfsleyfis. Skulu mælingarnar fara fram á þriggja ára fresti og hefjast á nýju almanaksári eftir útgáfu leyfis. Mælingarnar eru enn ekki hafnar. **Skv. úrbótaáætlun frá rekstraraðila þann 5. júlí sl. verður farið í sýnatökur á tímabilinu jan-mars 2025 þar sem mæla þarf ákveðna þætti vegna vöktunar líffræðilega gæðaþátta, á þeim tíma og því of seint að mæla þá hér eftir, fyrir árið 2024.**

**Umhverfisstofnun hefur móttekið úrbótaáætlun rekstraraðila og samþykkir hana. Verða úrbætur teknað út í næsta eftirliti og er rekstraraðili minntur á að senda inn þau gögn sem við á, um leið og þau berast rekstraraðila s.s. nýja vöktunaráætlun.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Kristín Kröyer  
sérfræðingur